

Málstefna

Um stefnuna

Málstefnan tekur mið af Stefnu Kópavogsbæjar sem samanstendur af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, og hefur til hliðsjónar aðrar stefnur bæjarins. Gildin eru virðing, heiðarleiki, framsækni og umhyggja.

Stefnan er sett í samræmi við 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 auk leiðbeininga íslenskrar málnefndar um mótun málstefnu fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir. Tilgangur stefnunnar er að varðveita og efla íslenska tungu í starfsemi bæjarins og tryggja aðgengi að upplýsingum eins og kostur er.

Bæjarstjórn og bæjarráð bera ábyrgð á stefnunni. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á að fram fari reglulegt endurmat á stefnunni í samræmi við ferla um mótun og endurmat stefna. Sviðsstjóri og stjórnendur hvers sviðs bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar hver á sínu sviði.

Stefnan byggir á þremur stefnuáherslum. Í hverri stefnuáherslu eru tilgreind meginmarkmið.

Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs xxx x2024 (ONE nr.).

Íslenska og önnur tungumál

Íslenska er meginsamskiptamálið í allri starfsemi bæjarins og áhersla er lögð á að rækta og viðhalda íslenskunni í þjónustu og vinnumhverfi. Málfar á að vera skýrt og auðskilið í ræðu og riti. Allt birt og útgefið efni skal alla jafna vera á íslensku, en eftir því sem við á jafnframt á ensku eða öðru tungumáli. Íslensk nöfn eiga að vera á stofnunum, merkingum, skiltum og í starfsheitum bæjarins.

Inngilding

Stuðla skal að inngildingu starfsfólks og íbúa með fjölbreyttan tungumálabakgrunn með því að hvetja það til að læra íslensku. Auk þess skal hvetja aðra íbúa og starfsfólk til þess að sýna skilning og þolinmæði í samskiptum við þau sem eru að æfa íslenskukunnáttu sína. Ávörp skulu fela í sér virðingu og inngildingu allra hópa.

Aðgengi

Íslenska er opinbert mál á vef Kópavogsbæjar og allar upplýsingar skal setja fram á aðgengilegan og skýran hátt og forðast sérhæft málfar. Jafnframt þarf að vera hægt að yfirfæra efni á vefnum yfir á ensku eða önnur tungumál eins og hægt er með aðstoð tækninnar. Huga þarf að aðgengi blindra, leshamlaðra, heyrnarlausra og -skertra, og

annarra með sérstakar þarfir að upplýsingum á vef en einnig á þjónustustöðum bæjarins.

DRÖG